

23. febrúar 2021

Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar um íbúðir fyrir fatlað fólk

1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði?

Svar: Samtals eru 16 fatlaðir einstaklingar á biðlista eftir sértækri búsetu í Hafnarfirði, þar af einn með lögheimili utan sveitarfélagsins. Af 15 Hafnfirðingum á biðlistanum eru fjórir undir 18 ára aldri. Tekið skal fram að þótt fólk sé á biðlista er það eða aðstandendur þess ekki í öllum tilvikum reiðubúið að þiggja búsetuúrræði enn sem komið er, einkum þeir sem yngri eru.

a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?

Svar: Sjö til níu einstaklinga má telja í brýnni þörf.

b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?

Svar: Það er að sjálfsögðu háð því hve miklu fé bæjaryfirvöld ákveða hverja sinni að verja til uppbyggingar sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk. Framundan eru áform um frekari uppbyggingu (sjá svar við 3. lið hér á eftir), en taka ber fram að nýliðun á sér einnig stað meðal fatlaðs fólks sem þarfnast sértækrar búsetu (íbúðakjarna) eða sjálfstæðrar búsetu með umtalsverðum stuðningi.

Þess er og að geta að fatlað fólk, sem ekki er háð sólarhringsþjónustu eða mjög sértækri þjónustu, býr í æ ríkari mæli í félagslegum íbúðum sveitarfélaga og íbúðum í eigu Brynju – hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ). Þjónusta við þá einstaklinga sem í hlut eiga er þá veitt eftir þörfum af hálfu sveitarfélagsins sem stuðningsþjónusta og stoðþjónusta.¹ Framboð af slíkum íbúðum er mismikið frá einum tíma til annars en hefur sín áhrif á ofangreinda biðlista.

2. Hversu margir einstaklingar eru í búsetuúrræðum í dag sem ekki teljast fullnægjandi, þ.e. svokölluðum sambýlum? Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að ekki skuli haldið áfram að nýta slíkt búsetuúrræði.

Svar: 26 (Einiberg: 4; Erluás: 4; Svöluhraun: 4; Smárahvammur: 4; Berjahlíð: 5; Steinahlíð: 5. Í Steinahlíð eru reyndar 2 íbúðir og 3 einstaklingsherbergi með baðherbergjum. Hvorug

¹ Skv. VII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu, og 8. og 9. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Sjá einnig: [Stuðningsþjónusta | Hafnarfjörður \(hafnarfjordur.is\)](#).

Íbúðanna eru með „starfhæfu eldhúsi og hafa ekki verið notaðar sem slíkar mjög lengi“ að sögn forstöðumanns.)

Þess er að geta að íbúum í sambýlum mun fækka um fjóra á árinu 2021, úr 26 í 22, þegar íbúar Einibergs flytja í nýja íbúðakjarnann á Öldugötu 45.

Til fróðleiks má enn fremur nefna að nú eiga 36 einstaklingar heimili í íbúðakjörnum í Hafnarfirði. Þeim mun fjölga í 42 þegar íbúar Einibergs flytja á Öldugötu og tveir íbúar bætast þar við.

3. Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk eru á framkvæmdastigi í Hafnarfirði í dag?

Svar: Á Öldugötu 45 er í smíðum sex íbúða búsetukjarni á vegum bæjarins. Hann mun leysa af hendi hefðbundið herbergjasambýli í Einibergi þar sem fjórir íbúar eiga heimili nú og verður lagt niður. Við bætast því íbúðir fyrir tvo einstaklinga sem eru á biðlistanum. Verklök eru áformuð í maí 2021.

Á **Arnarhrauni 50** er nýbyggður sex íbúða kjarni. Þangað fluttu fjórir íbúar á liðnu ári, einn til viðbótar nú í byrjun febrúar og sá síðasti flytur inn á næstu vikum. Allar íbúðirnar voru þó fullgerðar á árinu 2020. Þeir tveir sem flytja inn nú eru ekki á biðlistanum þar sem séð var fram á þessi úrræði fyrir þá.

Á **Kjalarnesi** eru að hefjast framkvæmdir við sjö íbúða kjarna fyrir fólk sem talið er henta að búi utan þéttar byggðar. Að kjarnanum standa einkaaðilar sem stofnað hafa um hann sjálfseignarfélag en þrjú sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Mosfellsbær og Hafnarfjörður) studdu við verkefnið með greiðslu staðfestingargjalda. **Hafnarfjörður** hefur á þann hátt tryggt sér tvö rými. Þeir tveir eru á biðlistanum. Samningur hefur verið gerður við verktaka og er gert ráð fyrir verklökum í maí 2022. Fjármögnun er tryggð.

Í febrúar 2019 var undirritaður samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Rekstrarfélags Vínabæjar um að reisa sex íbúða kjarna í **Stuðlaskarði 2-4**. Um er að ræða félag í eigu væntanlegra íbúa sem hefur þann tilgang að sjá um þjónustu við þá. Landssamtökin Þroskahjálpmunu sjá um byggingu húsnæðisins sem verður í eigu samtakanna. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Hafnarfjarðarbær samþykktu um mitt ár 2020 fjármögnun að sínu leyti (stofnframlög) samkvæmt lögum þar að lútandi. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á yfirstandandi ári. Ákveðið hefur verið hverjir flytji inn í Stuðlaskarð og þeir eru því ekki á biðlistanum.

Íbúðakjarni í **Smyrlahrauni**. Tryggð hefur verið lóð, en framundan er vinna við aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingar. Að því loknu þarf að fjármagna næstu skref.

Þess er að geta að ekki býr allt fatlað fólk í Hafnarfirði, sem þarfnast umfangsmikillar þjónustu, í búsetukjörnum eða sambýlum. All margir búa í **félagslegum íbúðum á vegum**

bæjarins, íbúðum Brynju - hússjóðs ÖBÍ og í eigin íbúð. Þeir njóta svonefndrar utankjarnaþjónustu, stoðþjónustu skv. lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Hún er einkum starfrækt frá íbúðakjörnum á Drekaöllum (11 einstaklingar) og á Hverfisgötu (13 einstaklingar). Í þó nokkrum tilvikum er um að ræða viðamikla þjónustu. Einnig kemur til stuðningsþjónusta skv. félagsþjónustulögum nr. 40/1991 (allt að 15 klst. á viku). Þeir eru því all margir sem geta lifað tiltölulega sjálfstæðu lífi, jafnvel við annan mann ef t.d. vinir kjósa að búa undir sama þaki.

Félagslegum íbúðum í Hafnarfirði hefur fjölgað og þess er að vænta að svo verði áfram. Hluta þeirra hefur verið úthlutað til fatlaðs fólks og viðbúið að því verði framhaldið.

Að mörgu er því að hyggja þegar litið er til húsnæðismála fatlaðs fólks í nútíð og framtíð. Biðlistinn er því síkvikur.

a) Hversu margar íbúðir fyrir fatlað fólk verða teknar í notkun á yfirstandandi ári?

Svar: Átta íbúðir (tvær á Arnarhrauni, sex á Öldugötu). Er þá miðað við sértæka búsetu, þ.e. íbúðir sem eru skilgreindar sérstaklega fyrir fatlað fólk. Félagslegar íbúðir bæjarins eða íbúðir í eigu Brynju – hússjóðs ÖBÍ kunna að koma til viðbótar. Það er ekki vitað á þessu stigi, því ræður framboð íbúða sem taldar eru henta fyrir fatlað fólk.

4. Hversu margar íbúðir fyrir fatlaða fólk voru byggðar í Hafnarfirði á sl. fjórum árum? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2017, 2018, 2019 og 2020.

Svar: 12 íbúðir.

Sundurliðun:

- **2017** – Enginn íbúðakjarni var í byggingu en 2016 - 2017 voru lóðamál og viðræður við hugsanlega byggingaraðila í vinnslu vegna Arnarhrauns 50 og Öldugötu 45.
- **2018** – Enginn kjarni í byggingu, en undirbúningsvinna stóð yfir, svo sem um lóðamál, fjármögnun, teikningar, útboð o.fl. vegna Arnarhrauns 50 og Öldugötu 45.
- **2019** – Íbúðakjarninn að Arnarhrauni 50 í byggingu. Sex íbúðir. Vinna vegna annarra kjarna hélt áfram, svo sem um lóðamál, fjármögnun, teikningar, útboð o.fl.
- **2020** – Byggingu íbúðakjarnans að Arnarhrauni lokið, fyrstu fjórir íbúar fluttu inn á árinu 2020 og tveir í febrúar 2021. Hafin bygging íbúðakjarnans að Öldugötu 25. Sex íbúðir.
- **2021** – Áframhald framkvæmda að Öldugötu 45. Áætluð verklok í maí 2021. Fyrstu fjórir íbúar munu þá flytja úr herbergjasambýlinu við Einibergi (sem verður lagt niður) og tveir til viðbótar í ágúst-september.

Áframhaldandi fjölgun félagslegra íbúða varð á þessu árabili sem stuðlaði að því að fatlað fólk fékk húsnæði. Ekki verður fullyrt hve margt fólk varð þess aðnjótandi – það fór m.a.



HAFNARFJÖRÐUR

eftir því hvar og hvenær íbúðir losnuðu og hverjar voru keyptar eða byggðar. En af þessum sökum varð nokkur fækkun á biðlistanum þar sem fleira fatlað fólk fékk úthlutað félagslegu húsnæði en fyrri ár.

Ásgeir Sigurgestsson
deildarstjóri þjónustu við fatlað fólk
Fjölskyldu- og barnamálasviði